

Breytingartillaga:

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vill þakka þeim sem sendu inn tillögur og athugasemdir að sérreglum um úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 í Ísafjarðarbæ. Við vinnslu tillögunnar var horft til markmið laganna um að efla útgerð og vinnslu í hverju byggðarlagi. Undanfarin ár hefur myndast þökkaleg sátt um sérreglur Ísafjarðarbæjar og byggir eftirfarandi tillaga á þeim reglum að því undaskildu að fallið er frá heimild að landa innan sveitarfélags og gerð er krafa um að landað sé innan byggðarlags:

1. Gerð er tillaga um að ákvæði a-liðar 1. mgr. 1. gr. breytist og verði: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

Sjá undirstrikun, lagðar til þær breytingar að frístundaveiðileyfi verði jafnframt heimilt sem eitt skilyrðanna.

Jafnframt: Ákvæði c-liðar 1. mgr. 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2022.

2. Gerð er tillaga um að ákvæði 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistonni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiárinu 2021/2022, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu úr bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

3. Gerð er tillaga um að ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022, Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflinn sé unnin innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.